

# Aðalfundur Íslandsbanka hf.

22. mars 2018

Aðalfundur Íslandsbanka hf. var haldinn í höfuðstöðvum bankans, Norðurturni, Hagasmára 3, Kópavogi, fimmtudaginn 22. mars 2018, kl. 15:00.

Dagskrá fundarins var eftirfarandi:

1. Setning fundar
2. Skýrsla stjórnar um starfsemi bankans árið 2017
3. Staðfesting ársreiknings fyrir árið 2017
4. Ákvörðun um greiðslu arðs og ráðstöfun hagnaðar bankans á árinu 2017
5. Kosning stjórnar- og varamanna
6. Kosning endurskoðunarfélags
7. Ákvörðun um þóknun til stjórnar fyrir næsta kjörtímabil
8. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu
9. Önnur mál

## 1. Setning fundar

Friðrik Sophusson stjórnarformaður Íslandsbanka setti fundinn og bauð fundargesti velkomna á aðalfund bankans árið 2018.

### a) Kosning fundarstjóra

Friðrik Sophusson stjórnarformaður gerði að tillögu sinni að Rut Gunnarsdóttir, lögfræðingur Íslandsbanka, yrði kjörinn fundarstjóri. Aðrar tillögur komu ekki fram og tók Rut til starfa.

### b) Kosning fundarritara

Rut Gunnarsdóttir þakkaði traustið og gerði að tillögu sinni að Dagmar Clausen Þórðardóttir, lögfræðingur Íslandsbanka, yrði kosin fundarritari. Aðrar tillögur komu ekki fram og tók Dagmar til starfa.

### c) Lögmæti fundar

Fundarstjóri kannaði lögmæti fundarins. Fundurinn er sóttur af hálfu hluthafa í félaginu. Fundurinn er því, með samþykki hluthafa, bær til að taka ákvörðun um þau málefni sem greind eru á dagskrá óháð boðun.

Fundarstjóri kynnti útgáfu ársskýrslu bankans sem ásamt þremur öðrum skýrslum var gefin út rafrænt þann 14. febrúar og birt á heimasíðu bankans.

Fundarstjóri gerði tillögu um að umræður um skýrslu stjórnar og endurskoðaðan ársreikning félagsins yrðu sameinaðar. Sú tillaga var samþykkt.

## **2. Skýrsla stjórnar um starfsemi bankans árið 2017**

Friðrik Sophusson, stjórnarformaður Íslandsbanka, gerði grein fyrir starfsemi bankans á árinu 2017 og fyrirbyggjandi tillögum til ákvörðunar á fundinum.

## **3. Staðfesting ársreiknings fyrir árið 2017**

Á fundinum var sýnt myndband þar sem greint var frá árangri í starfsemi bankans á árinu 2017. Í kjölfarið gerði Birna Einarsdóttir, bankastjóri, grein fyrir reikningum félagsins og fór stuttlega yfir stefnuáherslur og lykilverkefni bankans árið 2018.

Fundarstjóri gaf orðið laust um skýrslu stjórnar og endurskoðaða reikninga. Enginn tók til máls.

Fundarstjóri bar upp tillögu um að aðalfundur staðfesti ársreikning félagsins fyrir árið 2017. Tillagan var samþykkt með atkvæði hluthafa.

## **4. Ákvörðun um greiðslu arðs og ráðstöfun hagnaðar ársins 2017**

Fundarstjóri bar upp svohljóðandi tillögu stjórnar Íslandsbanka hf. um ráðstöfun hagnaðar og greiðslu arðs:

„Stjórn bankans leggur til að 13 milljarðar króna verði greiddar í arð til hluthafa fyrir rekstrarárið 2017. Arðgreiðslustefna bankans er að greiða 40-50% af hagnaði eftir skatt til hluthafa og gerð er tillaga að hærri arðgreiðslu vegna rúmrar eiginfjárstöðu hans að þessu sinni. Stjórn bankans má kalla til sérstaks hluthafafundar síðar á árinu þar sem tillaga um greiðslu arðs af hagnaði fyrri rekstrarára kann að vera lögð fram.“

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn tók til máls. Tillagan var samþykkt með atkvæði hluthafa.

## **5. Kosning til stjórnar- og varamanna**

Fundarstjóri gerði grein fyrir þeim aðilum sem tilnefndir voru af hálfu hluthafa til setu í stjórn bankans og varastjórn. Jafnframt var lagt til að Friðrik Sophusson yrði kjörinn formaður stjórnar. Engin mótframboð komu fram og voru því eftirtaldir aðilar sjálfkjörnir stjórnarmenn Íslandsbanka.

Í aðalstjórn bankans eru réttkjörnir eftirtaldir aðilar:

- Friðrik Sophusson, stjórnarformaður
- Anna Þórðardóttir
- Auður Finnbogadóttir
- Árni Stefánsson
- Hallgrímur Snorrason
- Heiðrún Jónsdóttir
- Helga Valfells

Í varastjórn bankans eru réttkjörnir eftirtaldir aðilar:

- Herdís Gunnarsdóttir
- Pálmi Kristinsson

## 6. Kosning endurskoðunarfélags

Fundarstjóri bar upp svohljóðandi tillögu stjórnar Íslandsbanka hf. um kosningu endurskoðunarfélags:

„Á aðalfundi bankans árið 2015 var Ernst & Young kjörið endurskoðunarfélag bankans til fimm ára. Lagt er til að aðalfundur samþykki að Ernst & Young sé kjörið endurskoðunarfélag bankans.“

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn tók til máls. Tillagan var samþykkt með atkvæði hluthafa.

## 7. Ákvörðun um þóknun til stjórnar fyrir næsta kjörtímabil

Fundarstjóri bar upp svofellda tillögu um þóknun til stjórnar- og varamanna fyrir næsta kjörtímabil:

„Stjórn bankans leggur til að aðalfundur Íslandsbanka samþykki að þóknun til stjórnarmanna verði kr. 420.000 á mánuði, þóknun til stjórnarformanns verði kr. 735.000 á mánuði og þóknun til varaformanns verði kr. 525.000 á mánuði. Því til viðbótar skuli greiða stjórnarmönnum kr. 210.000 á mánuði fyrir þátttöku í starfi undirnefnda stjórnar en auk þess fái formenn undirnefnda stjórnar greiddar kr. 30.000 á mánuði.“

Þóknun til varamanns í stjórn verði kr. 210.000 fyrir hvern setinn stjórnarfund eða fund með Fjármálaeftirlitinu um hæfismat en þó aldrei hærra en þóknun aðalmanns innan hvers mánaðar. Greiðsla til hvers varamanns skal nema að lágmarki kr. 420.000 á ári.“

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn tók til máls. Tillagan var samþykkt með atkvæði hluthafa.

## 8. Starfskjarastefna

Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögu stjórnar um að aðalfundur samþykki nógildandi starfskjarastefnu bankans óbreytta í samræmi við framlagða tillögu:

## „Starfskjarastefna

### 1. gr. Markmið

Starfskjarastefna Íslandsbanka hf. er sett í samræmi við ákvæði 79. gr. a. í lögum nr. 2/1995 um hlutafélög. Hún byggir á meginreglum um góða stjórnarhætti fyrirtækja og er ætlað að treysta viðleitni bankans til að veita framúrskarandi þjónustu og leggja grunn að góðri arðsemi hlutafjár með langtíma hagsmuni félagsins, eigenda þess, viðskiptamanna og starfsmanna að leiðarljósi.

Í samræmi við þessi markmið er það megininntak starfskjarastefnu bankans að hann bjóði á hverjum tíma samkeppnishæf starfskjör og sambærileg við það sem gerist í starfsumhverfi hans, mælt á hefðbundna mælikvarða um umsvif, ábyrgð og árangur, en ekki leiðandi. Á þessum forsendum verði Íslandsbanki eftirsóknarverður starfsvettvangur framúrskarandi starfsmanna.

Starfskjarastefnan nær yfir helstu atriði í starfs- og launakjörum stjórnarmanna, bankastjóra, æðstu stjórnenda og annarra starfsmanna bankans.

Í bankanum starfar Stjórnarháttá-, starfskjara og mannauðsnefnd sem er skipuð þremur stjórnarmönnum bankans.

### 2. gr. Starfskjör stjórnarmanna

Stjórnarmönnum skal greidd mánaðarleg þóknun í samræmi við ákvörðun aðalfundar bankans, svo sem kveðið er á um í 79. gr. a laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Þá skal varamönnum í stjórn greidd þóknun í samræmi við ákvörðun aðalfundar bankans.

Stjórn skal leggja fram tillögu á aðalfundi bankans um þóknun fyrir stjórnarstörf, störf í undirnefndum stjórnar sem og þóknun til varamanna á komandi starfsári. Við gerð þeirrar tillögu skal taka mið af þeim tíma sem stjórnarmenn verja til starfans og þeirri ábyrgð sem á þeim hvílir.

Bankinn greiðir jafnframt ferðakostnað og dagpeninga vegna starfa stjórnarmanna sem hafa lögheimili utan höfuðborgarsvæðisins. Gerð skal grein fyrir slíkum greiðslum á aðalfundi í tengslum við ákvörðun þóknunar stjórnarmanna.

Aðrar launagreiðslur Íslandsbanka hf. til stjórnarmanna en greinir í ákvörðun hluthafafundar eru óheimilar.

Óheimilt er að gera starfslokasamninga við stjórnarmenn.

### 3. gr. Starfskjör bankastjóra

Stjórn skal ákvarða starfskjör bankastjóra í ráðningarsamningi hans. Föst laun og aðrar greiðslur skulu vera samkeppnishæf á þeim markaði sem bankinn starfar á og m.a. taka mið af hæfni, ábyrgð og umfangi starfans, en ekki leiðandi.

Í ráðningarsamningi skal tiltaka önnur starfskjör sem tíðkanleg eru í hliðstæðum störfum. Þar skal kveðið á um greiðslur í lífeyrissjóð, orlof, hlunnindi og uppsagnarfrest.

Starfskjör bankastjóra skal endurskoða árlega. Við slíka endurskoðun skal höfð hliðsjón af frammistöðu, þróun launakjara á markaði og afkomu bankans.

Við gerð ráðningarsamnings bankastjóra skal haft að leiðarljósi að ekki komi til frekari greiðslna við starfslok en fram koma í ráðningarsamningi.

#### **4. gr. Starfskjör æðstu stjórnenda**

Bankastjóri ræður framkvæmdastjóra og aðra starfsmenn sem heyra beint undir bankastjóra. Við ákvörðun starfskjara þeirra skal gæta sömu sjónarmiða og fram koma í 1. og 3. gr.

Stjórn ræður innri endurskoðanda og skal gæta þeirra sjónarmiða sem fram koma í 1. og 3. gr. við ákvörðun starfskjara hans.

#### **5. gr. Breytilegir kjarapættir**

Stjórn bankans skal ekki gera eða heimila samninga um árangurstengdar greiðslur, nema að fengnu samþykki hluthafa bankans og þá á þeim skilmálum sem hluthafar samþykkja á hluthafafundi.

#### **6. gr. Upplýsingagjöf**

Á aðalfundi skal stjórn gera grein fyrir kjörum bankastjóra, framkvæmdastjóra og stjórnarmanna. Upplýsa skal um heildarfjárhæð greiddra launa á árinu og launa frá fyrra ári. Jafnframt skal stjórn bankans gefa skýrslu á aðalfundi um árangur starfskjarastefnu síðasta árs.

Starfskjarastefnu þessa skal birta á heimasíðu bankans.

#### **7. gr. Aðrir starfsmenn**

Við ákvörðun starfskjara annarra starfsmanna skulu bankastjóri og aðrir stjórnendur innan bankans taka mið af ofangreindum reglum eftir því sem við á.

#### **8. gr. Samþykkt starfskjarastefnu og fleira**

Starfskjarastefna bankans skal tekin til afgreiðslu á hverjum aðalfundi og skal hún og borin undir hann til samþykktar eða synjunar.

Heimilt er að endurskoða starfskjarastefnuna milli aðalfunda og skulu breytingar á stefnunni þá lagðar fyrir hluthafafund til samþykktar.

Starfskjarastefnan er leiðbeinandi fyrir bankann og stjórn hans. Ef stjórn bankans vikir frá starfskjarastefnunni, skal það rökstutt í hverju tilviki fyrir sig í gerðabók bankans. Stjórnin skal greina frá frávikum og ástæðum þeirra á næsta aðalfundi félagsins.“

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn tók til máls. Tillagan var samþykkt með atkvæði hluthafa.

## 9. Önnur mál

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Friðrik Sophusson stjórnarformaður bankans tók til máls. Hann þakkaði, fyrir hönd stjórnar og varamanna, fyrir endurkjörið og sagðist hlakka til samstarfs við hluthafann, stjórn og framkvæmdastjórn á komandi starfsári.

Fundurinn samþykkti ósk fundarstjóra um heimild til handa fundarstjóra og fundarritara til að ganga frá fundargerð eftir fundinn enda verði fundargerðin send hluthöfum og birt á heimasíðu bankans.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 16:00.

**Fundarstjóri**

**Fundarritari**

\_\_\_\_\_  
Rut Gunnarsdóttir

\_\_\_\_\_  
Dagmar Clausen Þórðardóttir